



Reykjavík 22. mars 2018
1610014SA TH
Málalykill: 01.86

Efni: Fundargerð fundar lögfræðingahóps um persónuvernd

Fundur lögfræðingahóps um persónuvernd var haldinn í Allsherjarbúð hjá sambandinu 22. mars 2018 kl. 9:30. Mætt voru: Bára Sigurjónsdóttir, Dagbjört Hákonardóttir, Elínborg Jónsdóttir, Fanney Magnadóttir Harri Ormarsson, Hervör Pálsdóttir, Ívar Bragason, Kristín Ösp Jónsdóttir, Óskar Þór Práinsson, Ragna Kristjánsdóttir, Salvör Þórisdóttir og Þórdís Sif Sigurðardóttir ásamt Daða Heiðari Kristinssyni persónuverndarfulltrúa stjórnarráðsins. Í gegnum fjarfundarbúnað tóku þátt: Sigurður Már Eggertsson og Inga Þöll Þórgnýsdóttir. Fyrir hönd sambandsins voru mættar TH og VÓHS.

1. Frumvarpið

a. Umsagnir

TH kynnti umsögn sambandsins við frumvarpið og hvatti til þess að sveitarfélög myndi senda umsagnir a.m.k. þegar málið væri komið til Alþingis enda málið afar þýðingarmikið fyrir sveitarfélög. DH upplýsti að Reykjavík búið að skila umsögn og taldi mikilvægt að lögð yrði áhersla á að gera greinamun á þeim sem starfa á markaðsforsendum og þeim sem veita opinbera þjónustu. ÍB upplýsti að Hafnarfjörður hefði bókað um málið og yrði bókun send ásamt bréfi á dómismálaráðuneyti. Hópurinn gerði alvarlegar athugasemdir við hvernig staðið hefur verið að kynningu málsins af hálfu ráðuneytisins þar sem frumvarpið var eingöngu birt á samráðsgátt með nokkurra daga frest og fæst sveitarfélög eða sambandið upplýst um það að öðru leyti. Þá hefði boðað samráð verið nánast ekkert þrátt fyrir loforð um annað.

Ræddu fundarmenn um upplýsingaskyldu sveitarfélaga sem væri afar óskýr enda væru hvorki komnar skýringar með lögnum né leiðbeiningar um þetta atriði að nokkru leyti. DH benti á að horfa þyrfti til upplýsingalaga og stjórnsýslulaga til skýringa. Rætt var um hvort rétt væri að túlka upplýsingarétt til samræmis við afmörkunarreglu 15. gr. upplýsingalaga. Ef svo væri myndi 3. mgr. um frávísunarheimild gilda? Var hópurinn sammála um að þetta atriði þyrfti að skýra mun betur og þyrfti nánari skoðun. DHK sagði frá því að á facebook væri fjölmennur hópur sem ætlaði að krefjast aðgangs að persónuupplýsingum um sig víða eftir að löggin tæku gildi. Væri því líklegt að eitthvað áhlaup yrði á sveitarfélög varðandi upplýsingar um einstaklinga.

b. Tímasetningar

Fundarmenn töldu tímasetningar í málinu verulegt áhyggjuefni sérstaklega vegna stærðargráðu málsins og hvernig staðið hefur verið að undirbúningi. Ef Persónuvernd myndi ganga langt í að nýta heimildir sínar gætu afleiðingar orðið

alvarlegar. Fram kom á Persónuvernd hefði sagt á fundi með sambandinu og RvK að ef sveitarfélög hefðu hafið undirbúning og væru með verkáætlun þá þyrftu þau ekki að hafa alvarlegar áhyggjur sér í lagi ef þau gættu að meðalhófi í allri meðferð persónuupplýsinga. Fundarmenn töldu ekki hægt að byggja á slíkum óræðum yfirlýsingum og því væri mikilvægt að sveitarfélög bretti upp ermarnar í undirbúningi. ÍB og TH vöktu máls á því að mál og fyrirspurnir hjá Persónuvernd tækju nú afar langar tíma og væru öll svör að dragast mjög úr hófi sem gæti haft áhrif í þessu sambandi.

2. Kostnaðarmat við frumvarpið

Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins mætti á fund hópsins og kynnti vinnu síðustu vikna við kostnaðarmat á frumvarpi til laga um persónuvernd. SÁS tók fram að metinn væri allur kostnaður við lög, ekki bara vegna aðkeyptrar vinnu heldur væri líka metin vinna sveitarfélaganna sjálfra. Óskað hefði verið eftir upplýsingum frá Norðurlöndum við skoðunina. Í kjölfar svara var ákveðið að skoða sérstaklega Finnland þar sem þeir væru líkastir Íslandi hvað verkefni og strúktúr sveitarfélaga varðaði. Eins hefði þeirra persónuverndarlöggjöf fyrir breytingar verið lík þeirri Íslensku. Niðurstaða kostnaðarmats Finna var að löggin kostuðu sveitarfélögin 100 milljónir evra eða 2.270 ISK á mann. Ef þessi kostnaður væri færður yfir á Ísland og reiknað miðað við höfðatölu þá væri kostnaður vel yfir 700 milljónir. Stærstu kostnaðarliðir hjá Finnum væru persónuverndarfulltrúi, tæknimál og fræðsla. Við útreikninga sambandsins hafi komið í ljós að líkt og í Finnlandi þá væri fastur kostnaður stærstur. Miðuðu útreikningar sambandsins við skiptingu í verkþætti við innleiðingu. Afar erfitt hefði verið að reikna kostnað við tölvukerfi þar sem sveitarfélög hafa ekki keypt mikið enn og þær lausnir sem til eru afar ólíkar, benti hann á að CCQ væri kerfi sem margir væri að skoða. SÁS benti á að fyrsta árið og jafnvel fyrstu 18 mánuðina væri gert ráð fyrir að persónuverndarfulltrúar og/eða verkefnastjórar væru 30 stöðugildi hjá sveitarfélögum en eftir það væru þetta um 14 stöðugildi. Kostnaður við kortlagning vinnslu og gerð vinnsluskraa hefði verið metinn í 200 milljónir fyrir landið allt og byggðist matið á upplýsingum frá nokkrum sveitarfélögum. Erfitt væri að meta kostnað við fræðslu en í mati væri miðað við að lykilstarfsmenn færu á námskeið og svo haldnar vinnustofum með stjórnendum. Kostnaður færi mjög eftir hversu marga starfsmenn þyrfti að senda á námskeið og hvort sveitarfélög ætluðu að sinna fræðslu að einhverju leyti sjálf eða senda starfsmenn í námskeið í stórum stíl. Væri kostnaðarmat sambandsins það að löggin myndu kosta sveitarfélögin verulegar fjárhæðir eða yfir 800 milljónir, sem nemur 0,2% af áætluðum tekjum sveitarfélaga 2018, samstæðu A og B hluta.

3. Hvernig gengur innleiðingavinna

a. Vinnsluskrá

IPP kynnti vinnsluskra Akureyrar fyrir fjölskyldusvið. Sagði hún drögin útbúin m.a. á grunni sem hún fékk send frá Kópavogi og RvK. Hefði vinna verið unnin með skjalastjóra. Hefðu þær ákveðið að lista upp hvar fýsisku kerfin hjá Akureyri eru varðveitt sbr. liður 6.2 í vinnsluskra. Ætlunin væri að fara í mikla vinnu til að tryggja að skjöl séu varðveitt á öruggum stöðum. PSS benti á að Ísafjörður ætlaði að skanna öll skjöl varðandi starfsmannahald og geyma frumrit í skjalasafn. PSS sagði Akureyri ætla að gera hið sama, enda mikilvægt að halda frumritum til haga ef kæmi til dómsmála. Skjalastjóri muni óska eftir samtali við Þjóðskjalasafn um

grysjunarheimildir, t.d. varðandi gögn úr trúnaðarsamtölum milli starfsmanns og stjórnenda. ÍPP sagði að hún hefði jafnframt haldið nokkrar kynningar um persónuvernd fyrir starfmenn og stjórnendur Akureyrar. Taldi hópurinn vinna Akureyrar mjög góða og form sem þar væri notað afar gott.

Hópurinn ræddi gögn sem afhent eru á grundvelli samþykkis og hvernig fara ætti með þau. Benti EJ á að mikilvægt væri að sveitarfélög áttuðu sig á því að ef þau tækju við slíkum gögnum þá þurfi kerfi þeirra að virka þannig að hægt sé að eyða þeim ef samþykki er dregið til baka.

b. Persónuverndarfulltrúi

Daði Heiðar Kristinsson, persónuverndarfulltrúi stjórnarráðsins þakkaði boð á fundinn og tækifæri á að heyra hvernig sveitarfélög væru að skipuleggja hlýtingu. Sagði hann ráðningu sína vera til eins árs og ætti staðan undir rekstrarfélag stjórnarráðsins. Ætlunin væri að eftir árið yrði tekin ákvörðun um hvort persónuverndarfulltrúi verði áfram sameiginlegur hjá stjórnarráðinu eða ekki og hvort persónuverndarfulltrúi ætti heima hjá rekstarfélagi eða innan sjálfstæðrar einingar. DHK sagði að öll áhersla væri á að kortleggja vinnslu og innleiða breytingar í samstarfi við verkefnahóp stjórnarráðsins sem vinnur með honum að málinu. Starfið sjálft væri enn í mikilli mótun og hefði einkum reynt á varðandi ráðgjöf og álitamál innan ráðuneytanna. Eftirlit væri ekki hafið nema í gegnum vinnsluskrár. Koma ætti eftir í ljós hvernig samskiptum við almenning yrði háttað. Hann sagði að rekstrarfélagið væri komið með ISO 27001 vottun. Hann væri einkum að sækja námskeið í gæðastjórnun og úttektum. Hann sæi strax ákveðin vandamál við starfið eins og að persónuverndarfulltrúum væri í raun ætlað ákveðið eftirlit, en á sama tíma mega þeir ekki ákveða vinnslu. Eins ætti eftir að ráðast hvernig úttektir yrði framkvæmda og árleg skýrsla persónuverndarfulltrúa liti út.

4. Næstu skref

a. Skjöl til deilinga

Fundarmenn ræddu mikilvægi þess að deila skjölum á milli sveitarfélaga til að halda kostnaði í lágmarki. Rætt var um mikilvægi þess að vinnsluskrár uppfylli öll skilyrði persónuverndarlaga en ljóst væri að sveitarfélög væru ekki öll með sömu þarfir og kröfur hvað þær varðaði. Rvk sagðist muna deila vinnu þegar þau hefðu fengið staðfestingu frá sérfræðingi sem ynni með þeim að vinnsluskrár uppfylli öll skilyrði laganna.

Fundarmenn voru sammála um að mun betri skýringar vantaði frá Persónuvernd til að átta sig almennilega á kröfum sem gerðar væru til vinnsluskraá.

SP hvatti fundarmenn að deila ekki bara skjölum heldur reynslu við vinnu á workplace.

b. Leikskólar og frístundastarf

Umræðu um þennan lið var frestað til næsta fundar en fundarmenn voru sammála að mikil samlegðaráhrif væru af vinnu á þessu sviði líkt og í grunnskólunum og í vinnu vegna Mentor.

Næsti fundur verður haldinn 26. apríl kl. 9:30.